

**148. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 27.
júni 2024 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Þorbjörn Halldór Jóhannesson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Valur Richter var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Einar Magnússon og Þóra Marý Arnórsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eyþór Bjarnason.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Úrgangsstjórnun og svæðisáætlun - 2022090018

Á 1285. fundi bæjarráðs, þann 27. maí 2024, voru lögð fram drög að stefnumótun um úrgangsmál á Vestfjörðum og aðgerðaáætlun henni tengt, en bæjarfulltrúum gefst tækifæri til athugasemda. Bæjarráð vísaði málinu til afgreiðslu í umhverfis- og framkvæmdanefnd. Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu, kynnir drögin.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar fyrir kynninguna. Málið verður tekið fyrir að nýju í ágúst þar sem athugasemdir við drögin verða lögð fyrir. Lokafrestur til að skila inn athugasemdum er 16. ágúst.

Gestir

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri - 09:00

Hjörleifur yfirgaf fundinn kl. 09:45

2. Númerslausir bílar í Ísafjarðarbæ - Málsmeðferð - 2021050028

Lagt fram til kynningar minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra, dags. 25. júní 2024, um átaksverkefni vegna númerslausra bíla í Ísafjarðarbæ.

Nefndin lýsir ánægju með verkefnið og hlakkar til að sjá árangurinn í lok sumars.

3. Sorpbrennsla í Ísafjarðarbæ - 2023110019

Lögð fram til kynningar drög að viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Sorporku ehf. um rekstur sorpbrennslustöðvar. Einnig lögð fram kynning á 1 megawatta sorpbrennslustöð frá Ferropower

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur ekki tímabært að skrifa undir viljayfirlýsingu að svo stöddu og telur þörf á frekari greiningu og gagnaöflun.

4. Fráveita Ísafjarðarbæjar - Olíumengun á Flateyrarodda - 2024050098

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 22. maí 2024, vegna olíumengunar á Flateyrarodda, ásamt samantekt frá Gestu Guðjónssyni hjá Olíudreifingu í bréfi dags. 28. maí 2024, um hvernig meðhöndla skuli jarðveginn í framhaldi

Lagt fram til kynningar.

5. Neysluvatnssýni 2024 - 2024050035

Á 1285. fundi bæjarráðs, þann 27. maí 2024, varu lagðar fram niðurstöður sýnatakna Heilbrigðiseftirlits á Flateyri og á Ísafirði, vatnið stenst gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001.

Bæjarráð vísaði málinu til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanefnd og bókaði eftirfarandi:

„Í ljósi atburða síðustu helgar um grjótskriðu sem féll í vatnsból Flateyrar vill bæjarráð áréttta að búið er að óska eftir nýrri sýnatöku frá Heilbrigðiseftirliti, en umrædd sýnataka er frá lok apríl.“

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Eyþór Bjarnason

Axel Rodriguez Överby

Smári Karlsson